

Skriðuannáll 1900 – 1924

Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

Skriðuannáll 1900 - 1924

Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-00018

Akureyri, desember 2000



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÍReykjavík Akureyri

Skýrsla nr NÍ-00018	Dags, Mán, Ár 31.12.2000	Dreifing <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Skriðuannáll 1900 -1924		Upplag 50
		Fjöldi síðna 27
Höfundar Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir		Verknúmer
Unnið fyrir Ofanflóðasjóð		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Fjallað er um skriðuföll á Íslandi 1900 -1924		
Lykilorð Skriðuföll, skriður, grjóthrun, Grjóthrun vegna jarðskjálfta		Yfirfarið

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR

3

SKRÍÐUANNÁLL

4

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

25

Mynd 1. Dreifing skriðufalla á Íslandi 1900 -1924

27

INNGANGUR

Skriðuannáll áráanna 1900-1924 lítur hér dagsins ljós, en með honum og skriðuannál áráanna 1995-1999 er að mestu lokið gagnasöfnun vegna skriðuannáls 20. aldar. Eftir er þó skriðuannáll ársins 2000, en hann mun eflaust birtast á næsta ári. Skriðuannálar áráanna 1925-1994 hafa birst sem fimm skýrslur, þær fyrstu hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands og þær síðari hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, eftir að hún tók við starfseminni hér á Akureyri.

Tímabilinu 1900-1924 hefur áður verið gerð skil í riti Ólafs Jónssonar, Skriðuföll og snjóflóð, en þó þótti ástæða til að safna ýtarlegri upplýsingum. Var það gert með því að leita kerfisbundið í sem flestum þeirra fréttablaða sem komu út á þessum tíma og til eru á Amtsbókasafninu á Akureyri. Við það fengust þó nokkrar upplýsingar til viðbótar við rit Ólafs. Enn fremur var leitað í héraðslýsingum og héraðsritum auk bóka um þjóðlegan fróðleik og minningarþáttum. Þegar komið var að því að hefja leit í óbirtum heimildum eða handritum, svo sem dagbókum, búskaparánámum, jarðamati og ýmsum bréfum, þótti nóg komið, þótt að ljóst sé að þar liggur mikið af upplýsingum. Eflaust eiga í framtíðinni eftir að finnast upplýsingar um enn fleiri skriðuföll á tímabilinu.

Upplýsingarnar um þetta tímabil eru ekki eins ýtarlegar og um önnur tímabil 20. aldarinnar og er augljósasta skýringin hinn mikli vöxtur og viðgangur ýmissa fjölmiðla eftir því sem á leið öldina. Tilfinnanlegast er þó hve litlar upplýsingar eru um veðurfar í tengslum við atburðina og er ástæðan sú að Veðurstofa Íslands hafði hvorki hafið starfsemi sína né útgáfu ritsins Veðráttunnar, en það gerðist árið 1925.

Á tímabilinu urðu a.m.k. níu banaslys af völdum skriðufalla. Flest þeirra urðu af völdum grjóthruns, en einn maður fórst er skriða féll yfir hann við efnistöku úr háum bakka á Siglufirði árið 1924, en sú skriða var að nokkru leyti af mannavöldum. Aðrir staðir þar sem menn fórust voru: Hornbjarg 1900, 1910, Súgandafjörður 1902, Dyrhólaey 1905, Drangey 1907, Hælavíkurbjarg 1914, Eskifjörður 1917 og Látrabjarg 1918.

Á tímabilinu urðu skriðuföll vegna mikillar úrkomu, leysinga og jarðskjálfta. Þá kom hvassviðri einu sinni af stað grjóthruni og a.m.k. eina skriðu má telja af mannavöldum. Árin 1904, 1913, 1915 og 1922 er engra skriðufalla getið, en ólíklegt er að þá hafi ekkert hrunið úr fjallahliðum á landinu. Erfitt er að dæma um hver voru stærstu skriðuföllin á tímabilinu og oft virðist sem skriðuföll hafi verið mun útbreiddari, þótt aðeins sé getið einnar skriðu. Í ljósi fenginnar reynslu er t.d. athyglisvert hve lítils grjóthruns er getið í sambandi við Suðurlandsskjálftann 1912. Það hlýtur að hafa verið mikið meira. Skriður féllu á þéttbýlisstaði, eins og Seyðisfjörð, Bíldudal og Ísafjörð. Þá féllu skriður á engi, tún og hús bænda, skemmdu jafnvel bæjarhúsin og túnin það mikið að jarðirnar féllu úr ábúð.

Þeim upplýsingum sem notaðar hafa verið við ritun þessa annáls er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Enn á ný nutum við velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri við söfnun upplýsinganna. Kunnum við Amtsbókaverði, Hólmatli Hreinssyni og öðrum starfsmönnum Amtsbókasafnsins hinar bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingaöflun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir

SKRIÐUANNÁLL

1900

4. mars SÚGANDAFJÖRÐUR (slys)

Skriða.

Veður: Leysingar, veður var hlýtt, sólbráð og ofanfall.

Atburðarás: Þann 4. mars var Magnús Hj. Magnússon á ferð ásamt þremur stúlkum á leið frá Gelti í Súgandafirði út í Keflavík. Veður var hlýtt, sólbráð og ofanfall úr Geltinum. Þegar þau komu út í svokallaðan Bustarurðarbás, féll þar niður grjótskriða allmikil. Kom steinn á annan fót Magnúsar og meiddi hann. ...Ekki varð meiðsl Magnúsar varanlegt, því næsta dag virðist hann hafa jafnað sig að mestu (Ól. Jóns. '57 – eftir handriti Magnúsar Hj. Magnússonar).

Heim: Ól. Jóns. '57.

júlí HORNBJARG (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: Seint í júlí sl. féll steinn úr Hornbjargi, og lenti á manni, er Grímur Bjarnason hét; féll hann í rot við steinshöggið, hrapaði í fjöru niður, og fannst þar örendur (Þjóðviljinn 31.12.). ...Í júlí 1900 fór Grímur að snara fugl í Hornbjargi. Seig hann niður á Sigmundarhillu, ásamt öðrum fyglingi, Vigfúsi Benjamínssyni úr Steingrímsfirði. Ætluðu þeir að dvelja þar daglangt og snara fugl. Um miðjan dag var þeim einhvers vant og fór Vigfús upp á brún að sækja það, en kom aftur eftir skamma viðdvöl niður á hilluna. Hafði Grímur þá hrapað fram af á meðan Vigfús var í burtu. Veiði var þá strax hætt og farið á bát frá Horni undir bjargið (Eyjólfur Jónsson 1996). ... Fannst hann þar, og var engan áverka að sjá á honum nema á höfði, og töldu menn, að steinn hefði komið á hann, meðan hann dvaldi einn í hillunni. Voru jafnvel leiddar getur að því af sumum, að steinn sá, sem honum hefði orðið að bana, hefði losnað undan fótum féлага hans, þegar hann lét draga sig upp (Þórleifur Bjarnason 1943).

Heim: Þjóðólfur 25.08. Þjóðviljinn 31.12. Þórleifur Bjarnason 1943: Hornstrendingabók. Arngr. Fr. Bjarnason 1959: Vestfirskar þjóðsögur III. Lúðvík Kristjánsson 1986: Íslenskir sjávarhættir V. Eyjólfur Jónsson 1996: Vestfirskir slysadagar.

20.-21. sept. ÖNUNDAFJÖRÐUR, SÚGANDAFJÖRÐUR, ÍSAFJÖRÐUR

Skriður.

Veður: Ofsaveður gekk yfir landið dagana 20.-21. sept. Mjög hvasst varð víða á landinu og sumstaðar fárviðri, t.d. við Eyjafjörð. Skip fórust og önnur rak á land, hús fuku og urðu mannskaðar af veðrinu. Mikil úrkoma fylgdi veðrinu, en ekki er getið um skriðuföll annars staðar en á Vestfjörðum.

Atburðarás: Í áhlaupsveðrinu 20. sept. féll skriða á engjar og beitolönd jarðanna: Hests, Efrihúsa og Neðrihúsa í Önundarfirði, og olli þar talsverðum skemmdum. Fimmtán kindur urðu og fyrir skriðunni, og drápu 9 þeirra, sem voru eign bóndans á

Hesti (Þjóðviljinn 09.11.). ...féll svo mikil skriða á Hestdal í Onundarfirði, að slík hafði ekki komið í Onundarfirði í minnum þeirra manna er þá lifðu. Hafði skriðan upptök sín upp af Heimri-Seljahrygg, milli Beltis og Hnjóta (kennileiti heimanverð við Hrutahjalla), féll svo niður yfir svæðið frá Fremstengislæk í Hests landareign og heim í Rjúkanda í Neðrihúsa landareign. ...Níu eða ellefu sauðkindur fórust í skriðunni. ...Fólk í Tungu vaknaði um nóttina, er skriðan féll, varð hljóð mikið, að söng í fjöllum (Magnús Hj. Magnússon 1949). ...Framan við hann (fossinn Rjúkanda) var Seljaengi, talið besta engið á dalnum en fór allt undir aldamótaskriðuna miklu sem féll 21. sept. 1900 (Árbók FÍ 1999).

Magnús Hj. Magnússon segir í dagbók sinni þ. 28. sept., að þá hafi nýlega verið fallnar miklar skriður úr hlíðinni innan við Gilsbrekku í Súgandafirði. Ekki er ósennilegt að þetta hafi orðið um sama leyti og skriðan á Hestdal (Ól. Jóns. '57 – eftir handriti Magnúsar Hj. Magnússonar).

Ísafjörður: Hinar afskaplegu rigningar, sem gengið hafa í þ. m. hafa valdið afar miklum skemmdum hér á Eyrahlíð, einkum á svæðinu frá kaupstaðnum og alla leið út á Langhól, víða skriða við skriðu að kalla. Vegurinn á þessu svæði hefur og víða eyðilagst (Þjóðviljinn 29.09.).

Heim: Þjóðviljinn 29.09. 11.10. 09.11. Magnús Hj. Magnússon. Skriðan mikla á Hestdal, í: Frá ystu nesjum 1949. Ól. Jóns. '57. Árbók FÍ 1999.

1901

13. jan. SUÐURSVEIT

Skriður.

Veður: Rigningar/leysingar?

Atburðarás: Skriða féll 13. f.m. rétt við bæinn á Brunnum í Suðursveit og tók af mest allt túnið, og allmikla engjaspildu; lá nærri að skriðan færi yfir bæjarhúsin, sópaði hún með sér 5 útihúsum og voru 2 hestar í einu; hafði verið ljótt að sjá þá veltast í aur- og vatnsöldunum. Sumt fólkíð flýði af bænum og komst í kirkjuna á Kálfafellsstað. Bóndinn á Brunnum, Jón Þorsteinsson, verður að flytja burt af jörðinni, sakir skemmda á henni (Þjóðólfur 15.02.).

Heim: Þjóðólfur 15.02. Ól. Jóns. '57.

20.-21. sept. SEYÐISFJÖRÐUR

Skriður.

Veður: Tíðarfar hefir fyrirfarandi viku (16.-23.) verið ákaflega votviðrasamt, hellirigning má heita á hverjum degi (Austri 23.09.).

Atburðarás: Brúin á Vestdalsánni niðri í kaupstaðnum brotnaði nóttina milli 20. og 21. þ.m. í sundur í miðju. Hinar voðalegu rigningar höfðu hleypt svo miklum vexti í ána að straumkastið náði brúnni og fleygði henni af. ...Víða hafa aurskriður fallið (Austri 23.09.).

Heim: Austri 23.09. Ól. Jóns. '57.

Ath: Nákvæm staðsetning þessara skriðufalla í Seyðisfirði er óþekkt og hvort þau urðu í kaupstaðnum eða annars staðar í firðinum. Líklega hafa skriðurnar fallið nóttina sem vatnavextirnir brutu niður brúna.

1902

15. jan. BÍLDUDALUR

Skriða/ krapahlaup.

Veður: Ofsarigning. Sennilega asahláka.

Athburðarás: Skriðuhlaup töluvert kom hér ofan úr gili yfir kaupstaðnum í ofsarigningu aðfaranótt þ. 15. þ.m. Varð fyrir því hús nýbyggt og hratt hlaupið því af grundvelli nær til hálf. Ekki sakaði neinn mann, og var þar þó höggvið nærri. Inn í húsið fór skriðan aðeins um lítinn glugga á miðju húsinu og sprengdi niður úr, en maður sem þar svaf inni fyrir slapp út. Kjallarinn fylltist mikið til. Þar var eldhús og matvæli geymd o.fl. og spilltist það allt og eyðilagðist meira og minna (Arnfirðingur 22.01.). ... Búðargil 1904 ? (leiðrétt seinna í 1902). Snjóflóð. Skekkti hús á grunni, sem stóð ofan vegar þar sem nú stendur Langahlíð 12. ... Stór steinn fór inn í kjallara hússins. Maður sem bjó í kjallaranum var ekki heima og er það talið honum til lífs, en þetta var seint um kvöld (Björn Jóhann Björnsson 1990).

Heim: Arnfirðingur 22.01. Ól. Jóns '57. Björn Jóhann Björnsson 1990: Bíldudalur, skriðuföll og skriðuvarnir. Stuðull, verk- og jarðfræðipjónusta. Þorsteinn Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Jón Gunnar Egilsson 1999: Saga ofanflóða á Bíldudal 1902 til 1999. Veðurstofa Íslands, greinargerð VÍ-G99006-ÚR04.

Ath: Þorsteinn Sæmundsson o.fl. (1999) telja að hér hafi verið á ferðinni krapahlaup, enda er það ekki ólíklegt ef tekið er tillit til árstíma og sögu ofanflóða á Bíldudal.

12. júní SÚGANDAFJÖRÐUR (banaslys)

Skriða/grjóthrun.

Veður: ?

Athburðarás: ... 12. júní sl. vildi það sorglega slys til í Botni að systkin tvö Ólöf og Guðmundur, hún 16 ára, en hann 14, voru í fjárleit á hlíðinni milli Botns og Gilsbrekku, sprakk þá fram klettur úr fjallinu, og varð af skriða mikil, er Ólöf varð fyrir, og rotaðist hún þegar, svo að ekkert lífsmark var með henni, er bróðir hennar kom að, og var hann þó aðeins fáa faðma í burtu (Þjóðviljinn 25.09.). ... Systkinin voru að smala í fjallshlíðinni andspænis Botni (í svonefndu Grensfalli). Var pilturinn nokkuð á undan systur sinni. Sá hann, er grjótið losnaði uppi í klettunum. Kallaði hann til systur sinnar að flýta sér undan skriðunni, en hún sinnti því eigi og kom steinn í höfuð hennar og braut það, svo hún dó samstundis (Ól. Jóns. '57 – eftir handriti Magnúsar Hj. Magnússonar).

Heim: Þjóðviljinn 25.09. Bjarki 18.07. Fjallkonan 21.10. Ísafold 25.10. Ól. Jóns. '57. Eyjólfur Jónsson 1996: Vestfirskir slysadagar. Árbók FÍ 1999.

sumar LÁTRABJARG

Grjóthrun.

Veður:

Athburðarás: ... Stóruurð er stærsta urðin undir bjarginu og af mörgum kölluð Rauðaskriða. ... Munnmæli herma að þegar þessi stóra urð myndaðist, þá hafi hrunið verið svo mikið og lengi að hrynja að ekki hafi séð í bjargið af Rauðasandi í tvo sólarhringa fyrir rykmekki. ... Brimið hefur nú sorfið mikið framan úr urðinni, en

það hefur líka hrunið á hana til viðbótar úr berginu fyrir ofan. ...Ég get ekki stillt mig um að skjóta hér inn í frásögn af einu slíku hruni. ...Báturinn tók land í Mölvíkinni fyrir utan Stóruð. ...Drengirnir voru því tveir einir eftir á urðinni, rétt hvor hjá öðrum. Allt í einu heyrðu þeir drunur miklar. Þeir litu upp og sáu rykmökk mikinn, hátt upp í bjargi. Á sömu stundu steyptist grjótflugið yfir þá. ...Svo hélt grjótinu áfram að rigna niður í tugtonna-tali. ...Þeir, sem á horfðu, sáu hrunið koma beint niður, þar sem drengirnir voru á bersvæði. Töldu því víst, að lífi þeirra væri lokið, og lík þeirra grafin undir stórgrjótinu. ...Þegar rykmökkurinn hjaðnaði hlupu drengirnir til féлага sinna út í Mölvíkinni, sem trúðu því naumast, að drengirnir kæmu þarna, heilir á húfi. ...Seinna um nóttina kom annað hrun, utar á urðina, og að nokkru yfir leið þá, er bjargmennirnir fóru upp á hillurnar. Þetta hrun var stærra hinu fyrra og fór yfir urðina og allt í sjó fram (Þórður Jónsson 1958).

Heim: Þórður Jónsson. Undir Látrabjargi, í: Heima er best 1958. Daníel Ó. Eggertsson. Nytjar af Látrabjargi; í: Frá Bjargtöngum að Djúpi II, Mannlíf og saga fyrir vestan 1999.

5.-7. des. FLJÓTSDALUR

Skriður.

Veður: Miklar rigningar.

Atburðarás: ...Vatnagangur var svo mikill í Fljótsdal um daginn að menn muna ekki annað eins. Keldá sem rennur rétt hjá Þorgerðarstöðum óx svo að hún flóði upp á hlað og lá við sjálft að fólkið yrði að flýja úr bænum. Skriða mikil féll niður á engið á Víðivöllum fremri og Arnaldsstöðum og skemmdi það stórkostlega (Bjarki 19.12.). ...Skriða mikil féll niður á engi Víðivalla fremri, rétt sunnan við norðurmörk jarðarinnar, og einnig hljóp skriða til skemmda á Arnaldsstöðum, er standa sunnan undir Múlanum (Ól. Jóns. '57).

Heim: Bjarki 19.12. Ól. Jóns. '57.

1903

14. jan. SEYÐISEJÖRÐUR (Strandartindur)

Skriða.

Veður: Suðvestanstormur og mikil rigning, eflaust leysingar.

Atburðarás: Skriða dálítil hljóp að kvöldi þess 14. þ.m. utarlega á Búðareyri og tók með sér tvo báta er fyrir urðu (Austri 17.01.). ...Aurskriða hljóp nú í rigningunum niður yfir Búðareyri utan við Steinholt, og tók með sér tvo báta (Bjarki 22.01.).

Heim: Austri 17.01. Bjarki 22.01. Ingólfur 12.02. Ól. Jóns. '57. Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundson 1998: Saga skriðufalla á Seyðisfirði, 1882-1997. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VÍ-G98024-ÚR19.

Ath: Þessi skriða hefur eftir lýsingum að dæma fallið úr Hörmungarlæk, frekar en Skuldarlæk.

5. sept. EYJAFJÖRÐUR (Látraströnd)

Skriður.

Veður: Stórrigningur, ofsaveður af norðri.

Atburðarás: Skriður hlupu laugard. 5. þ.m. á jarðirnar Skar og Svínárnes og ollu töluverðum skemmdum. Á öðrum bænum hafði farist bátur (Norðurland 19.09.).

Heim: Norðurland 19.09. Fjallkonan 13.10. Ól. Jóns. '57.

1904

Engar heimildir hafa fundist um skriðuföll á þessu ári.

1905

29. júní DYRHÓLAEY (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ...Unglingspiltur, sem hét Vigfús Ólafsson, var að grafa eftir lunda í urð sunnan undir Dyrhólaey, sem heitir Þjófaurð. Er hún vestan við Kirkjufjöru. Hrundi grjót ofan á piltinn, en dreng, sem með honum var, tókst að losa hann undan grjótinu, en hann lést litlu síðar. ... Þetta gerðist 29. júní 1905.

Heim: Magnús Finnbogason. Slysfarir í Mýrdalsfjöllum, í: Skrudda II, 1973. Ól. Jóns. '57.

5.-6. ág. SEYÐISFJÖRÐUR (Strandartindur)

Skriður.

Veður: Ofsaveður og rigning austanlands.

Atburðarás: Ofsaveður og rigning var hér 5. og 6. þ. m. Vatnagangur varð mjög mikill og hlupu þá skriður á stöku stað hér út í firðinum og gjörðu nokkurn skaða á túnblettum. Stærsta skriðan hljóp á bræðsluhús Imslands kaupmanns og eyðilagði þau að mestu. Er skaðinn álitinn 2000 kr. (Austri 12.08.). ... Víðar í firðinum urðu skaðar af skriðuhlaupum, en ekki jafnstórir (Reykjavík 09.09.).

Heim: Austri 12.08. Vestri 02.09. Reykjavík 09.09. Þjóðviljinn 18.09. Ól. Jóns. '57. Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundson 1998: Saga skriðufalla á Seyðisfirði, 1882-1997. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VÍ-G98024-ÚR19.

Ath: Af lýsingum að dæma þá hefur hlaupið úr Imslandsgili, en það er undir Strandartindi, rétt utan við Seyðisfjarðarkaupstað. Líklegt er að fleiri skriður hafi hlaupið úr Strandartindi í þetta skifti.

des. MÝRDALUR (Reynisfjall)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: Það mun hafa gerst þetta ár á jólaföstu, að bræðurnir Einar og Magnús Finnbogasonir frá Reynisdal voru suður í Reynisfjalli við fýlaveiðar. Einar sat á syllu, er Stallur hét og var heldur neðan við miðja hamra. ... Ofan við Stallinn var mjög laust og sprungið berg. ...veitti því athygli, að smásteinar losnuðu öðru hvoru upp undir bjargbrúninni rétt austan við Stallinn. ...Brá Einar þá við, safnaði saman veiðinni í snatri og renndi sér niður festina, niður á hilluna fyrir neðan, þar sem hann var í vari. Skifti þá engum togum, að bergfylla mikil losnaði úr brúninni, og björg á stærð við heybagga þeyttust niður hamravegginn. Dundu þau á stallinum og brúninni ofan við rákina, sem Einar hafði horfið niður í, og þeyttust svo af henni fram í fjöru. ...og slapp Einar heill úr þessum háska.

Heim: Ól. Jóns. '57.

1906

24. júní ESKIFJÖRÐUR (Hólmatindur)

Skriður/skriða.

Veður: Þess er getið að steypiregn hafi gengið áður en skriðan féll, en ekki eru frekari upplýsingar um veður.

Atburðarás: Hér kom afskaparigning um síðustu helgi. ...Það var eins og hleypt væri frá öllum stíflugörðum og flóðgáttum himnanna. ...Smálækir urðu að stóreflisvatnsföllum og fleygðust áfram og fyssuðu skolmórauðir eða kaffibrúnir til sjávar. Heljarmikil skriða féll úr Hólmatindi með ferlegum hávaða og gný, brestum og dunum. ..Kom bylgjukast á sæinn, er skriðan féll í hann og bar það hér yfir til kaupstaðarins með þeim krafti, að bryggjur skemmdust eitthvað og bátar brotnuðu, svo að þeir urðu ónýtir. ...Skriðan, sú er getið er, féll á ritsímastaur einn. Er hann alveg horfinn í skriðuna, hvort sem hann er brotinn eða ekki. Stór steinn féll á annan, en sakaði ekki (Dagfari 29.06.). ...Aurskriðan mikil féll sl. sunnudag (24.06.) úr Hólmatindi, Eskifjarðarmegin. Sópaði skriðan með sér á sjó út tveimur af ritsímastaurunum, sem búið var að setja þar niður. Var skriðan svo mikil er hún féll í sjó út að hún þurrkaði sjóinn burt langt út frá flæðarmáli, og við það kom svo mikill öldugangur á fjörðinn, að bátum, sem lágu við kaupstaðarbryggjurnar, hinum megin fjarðarins, hvolfdi, og einn brotnaði í spón (Austri 30.06.).

Heim: Dagfari 29.06. Austri 30.06. Reykjavík 14.07. Ingólfur 15.07. Þjóðviljinn 18.07. Lögrétta 18.07. Þjóðólfur 19.07. Ísafold 21.07. Vestri 04.08. Ól. Jóns. '57.

Ath: Miðað við reynsluna af skriðuföllum á Austfjörðum er ekki ólíklegt að fleiri skriður hafi fallið úr Hólmatindi og jafnvel víðar á Austfjörðum.

13. sept. HAMARSFJÖRÐUR

Skriður.

Veður: Vonskuveður úr suðri um sunnan og austanvert landið með ofsastormi, rigningu, þrumum og eldingum aðfaranótt þ. 13. Fokkskaðar, skip rak á land við suðurströndina og skriður féllu.

Atburðarás: ...Jón Sigfússon, bóndi á Bragðavöllum, í Geithellnahreppi. S.-Múl., segir í dagbók sinni, að nálægt 13. sept. hafi komið þar hroðalegt regn. Hljóp þá Miðmundagilið og tók nærri hálf tónið á Bragðavöllum. Annað hlaup kom fram af hallinu innan við bæinn, en olli litlu tjóni (Ól. Jóns. '57 – eftir dagbók Jóns Sigfússonar). ...Ofan við tón eru tvö skriðugil, Miðmundagil og Selárgil. Haustið 1906 kom í stórrigningu skriða úr öðru gilinu, féll á ytra tónið og stórspillti því (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 1976).

Heim: Ól. Jóns. '57. Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976

Ath: Hið versta veður hefur greinilega gengið yfir landið og ekki er ólíklegt að skriður hafi fallið víðar um austanvert landið.

SVARTÁRDALUR

Skriða.

Veður: ?

Atburðarás: ...Féll allmikil skriða úr hlíðinni fyrir sunnan Skottastaði. Drap þrjá gemlinga og eina á. Olli og talsverðum landspjöllum (Guðmundur Jósafatsson 1973).

Heim: Guðmundur Jósafatsson. Skriðuföll um Húnaþing, í: Freyr 69.árg. 1973.

Ath: Óvíst er hvenær ársins þessi skriða féll.

1907

29. maí. DRANGEY (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ...Bjarni Sigurðsson frá Fossi á Skaga hrapaði til bana í fyrra dag úr Heiðnabergi í Drangey. Hann var að síga í handvað eftir eggjum. Haldið er að steinn hafi dottið í höfuð hans og rotað hann (Lögrétta 05.06.). ...Bjargið var óhreinsað af grjóthruni, og er haldið að steinn hafi dottið í höfuðið á honum og rotað hann (Ísafold 01.06.)

Heim: Lögrétta 05.06. Ísafold 01.06. Þjóðviljinn 08.06.

ASKJA

Grjóthrun.

Atburðarás: Sumarið 1907 varð slys í Öskju sem síðan hefur valdið mönnum miklum heilabrotum, en þá týndust tveir þýskir jarðfræðingar við rannsóknir á Öskjuvatni. Lík þeirra fundust aldrei þrátt fyrir mikla leit. Ýmsar tilgátur voru á sveimi um hvarf Þjóðverjanna, m.a. ...að grjót úr hömrnum við vatnið eða skriða úr Þorvaldstindinum hafi fallið á bátinn og grafið bæði menn og bát á botni vatnsins. ...Grjóthrun úr hömrnum og Þorvaldstindinum er þar daglegur viðburður, en mest kveður þó að þessu, þegar leysingin er í algleymingi, en það var hún einmitt, þegar slysið varð. ...Við þekktum ekki ókleifa bakka vatnsins, ægilegt dýpi þess eða grjóthrunið, sem steypist í það á öllum tímum sólarhringsins. ...jafnframt þessu hafa óteljandi skriður fallið úr fjöllum fram í vatnið, einkum þó að sunnan, úr Þorvaldstindinum (Ólafur Jónsson 1961). ...Norðanverðu við vatnið er hamar

þverhníptur, 50 m hár, sem víða slútir fram yfir sig, en að austanverðu við það er 4-20 m þykkt vikurlag. Undir því er gamall snjór, sem vikurinn hefur hlíft. Þegar vatnið nær upp í snjóinn, þiðnar hann undir vikrinum, falla þá oft niður stórar spildur af honum út í vatnið með dunum og dynkjum og stórar öldur ganga þaðan yfir á vatnið. Í vikurinn eru margar sprungur og illt að fara. Sunnan vatnsins er snarbrött hlíð með brennisteinshverum. Þaðan koma snjóflóð og grjóthrun í leysingum út í vatnið og verða þar drunur miklar og ókyrrð á yfirborðinu (Norðri 02.08.).

Heim: Norðri 02.08. Huginn 29.08. Ólafur Jónsson. Slysfarirnar í Öskju 1907, í Amma, ný útg. 1961.

Ath: Þessar lýsingar lýsa almennt aðstæðum við Öskjuvatn, eftir að það myndaðist við eldsumbrotin 1875 og framundir daginn í dag, þótt eflaust hafi eitthvað dregið úr hruninu.

BREIÐDALUR

Skriða.

Veður:

Atburðarás: Dísastaðir: ... Eyða í ábúendatali 1907–1911 á rætur að rekja til þess, að skriða hljóp úr bæjargilinu yfir bæ og tún og eyðilagði bæinn. Slys urðu ekki á mönnum.

Heim: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.

Ath: Ekki hefur tekist að afla frekari heimilda um þetta skriðufall eða hvenær á árinu það varð. Miðað við reynsluna af skriðuföllum á Austfjörðum er varla við að búast að þarna hafi verið á ferðinni stakur atburður og því sennilegt að skriður hafi fallið víðar.

SAUÐLAUKSDALUR

Skriður.

Veður:

Atburðarás: Um Sauðlauksdal: ... Neðri-Svínahagagilslautirnar voru einu sinni mjög grösugar. Var þar stórgrytt og skjólsamt. En skriðuföll, sem hófust upp úr árinu 1907, hafa smám saman eytt graslendinu, því svo hagar til, að þessar aurskriður falla oft beint ofan yfir lautirnar á hjarni og grafa gróðurinn undir sér, auk þess sem lyngbrekkur hafa horfið í hvolfinu. Þarna var gamalt tófugren. Skriðurnar léku meira að segja þær smugur svo illa, að ég veit ekki til, að þar hafi smogið inn ein einasta tófa síðan fyrir aldamót.

Heim: Gögn Örnefnastofunar: Búi Þorvaldsson, Örnefnaskrá Sauðlauksdals.

Ath: Svo virðist sem skriður hafi þarna fallið oftár á 20. öldinni en árið 1907.

1908

júní ARNARFJÖRÐUR

Skriða.

Veður: Þurrt.

Atburðarás: ... Snemma í júnímánuði árið 1908 hljóp skriða mikil úr Efri-Urðarhalla og niður lág þessa (Blóðbandalág) niður að sjó og fyllti hana. Jörð nötraði

á Hrafseyri, er skriðan féll, og grjótreykinn lagði alla leið út í Tjaldanesfell. Veður var kyrrt og þurrt. Skriðan hlaut nafnið Illaskriða (Böðvar Bjarnason 1961). ...Frá landamerkjunum hjá Sandeyri göngum við nú sem leið liggur úr með ströndinni neðan við Rafnseyrarhlíð og komum fyrir en varið að Illuskriðu sem féll í júnímánuði árið 1908 (Árbók FÍ 1999).

Heim: Böðvar Bjarnason 1961: Hrafseyri, fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar, forseta. Árbók FÍ 1999.

Ath: Hér virðist hafa verið á ferðinni mjög stór grjótskriða eða hrún.

1909

ESKIFJÖRÐUR

Skriða.

Veður:

Atburðarás: Borgir eru ysta býli inn af Eskifirði að sunnanverðu og stóð bærinn sem næst beint á móti býlinu Eskifirði. ...Eyðan í ábúendatali 1909-1914 orsakaðist af því, að skriða féll á tún og skemmdi svo, að ábúandi varð að flytja.

Heim: Sveitir og jarðir í Múlþingi III, 1976.

Ath: Ekki hefur tekist að afla frekari heimilda um þetta skriðufall eða hvenær á árinu það varð.

1910

vor HORNBJARG (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: Vorið 1910 fórst roskinn maður að nafni Guðmundur Márússon við eggjatöku í Hornbjargi. ...Efst í Kálfatindum, byggðar megin, eru klettur og torsótt upp á efstu brún þeirra, en hilla liggur eftir klettinum út í tindana bjarg megin. Það varð úr, að þeir Guðmundur gengu út hilluna, út í bjargið. ...bjuggust þeir við að halda úr hillunni, en ennþá var eitt bergnef, sem þeir vildu reyna á. Það var breitt og vel gengt, og taldi Guðmundur sér bandið óþarft. ...Leysti hann sig því úr bandinu. ...Þokaði nú Guðmundur sér fram eftir nefinu, en Benedikt beið hans uppi við bergið. En er Guðmundur var kominn fram fyrir það mitt, sprakk það í sundur ofan hans, nokkru fyrir framan fætur Benedikts, og hvarf með Guðmund niður, en litlu mátti muna, að Benedikt fylgdi þeim hlutanum, sem fram sprakk, niður í undirdjúpin (Þórleifur Bjarnason, 1943).

Heim: Þórleifur Bjarnason 1943: Hornstrendingabók. Ól. Jóns. '57. Lúðvík Kristjánsson 1986: Íslenskir sjávarhættir V.

15. maí EYJAFJÖRÐUR (Arnarneshreppur)

Skriða.

Veður: Leysingar.

Atburðarás: Fyrir ofan Hallgilsstaði í Arnarneshreppi, í dálitlum mýrarslakka, er glögg far eftir framhlaup um 2000 m² að stærð. Þarna hljóp fram í einu lagi jarðvegstorfa, líklega árið 1910, um hvítasunnuleytið (ca. 15.05.). ... Mikil leysing hafði verið í fjallinu áður en þetta varð, og var mýrarsvæði þetta allt orðið rólandi, áður en það hljóp. Hlaupið hefur fylgt grunnu lækjargili, og fór sumt af því alveg niður á tún á Hallgilsstöðum. ... Jarðvegstorfa þessi, sem sennilega hefur verið nokkuð á annan metra á þykkt, þegar hún hljóp, virðist hafa losnað um grátt ösku- eða leirlag, sem líklega hefur verið nokkurs konar skriðflötur. ... Hallinn á farinu er lítill, um 5°, en um 8° frá því niður-á tún og vegalengdin um 350 m og hæð yfir túnið 60 m.

Heim: Ól. Jóns. '57.

okt. BOLUNGARVÍK

Skriða.

Veður:

Atburðarás: Í okt. hljóp grjótskriða mikil úr fjallinu fyrir framan Hól í Bolungarvík og gerði skemmdir miklar á engjum (Ól. Jóns. '57 – eftir handriti Magnúsar Hj. Magnússonar).

Heim: Ól. Jóns. '57.

EYJAFJÖRÐUR (Barkárdalur)

Skriður.

Veður:

Atburðarás: Um Barkárdal: Við Láguskál eru Láguskálargil og utan við það Heimari-Bratti, en framan við það Fremri-Bratti. Úr Fremri-Bratta féll Nýjaskriða árið 1910.

Heim: Jóhannes Óli Sæmundsson (handrit): *Örnefnaskrá Skriðuhrepps*.

Ath: Ekki hefur tekist að afla frekari heimilda um þetta skriðufall eða hvenær á árinu það varð. Örnefni þessi eru í nágrenni við Baugasel í Barkárdal.

1911

sept. VATNSDALUR

Skriður.

Veður: Eflaust miklar rigningar.

Atburðarás: Laugardaginn í 22. viku sumars féllu margar og miklar skriður í nágrenni Hjallalands. ... fullyrða má, að mikill hluti túnsins hefði eyðilagst, ef grjótgardurinn fyrir ofan túnið hefði ekki hlíft. Þetta sýnir hve skriðan féll þó hægt, þótt hamfarir hennar væru sjónarvottum ægilegar. ... Á túnið féll leirinn ekki fyrr en hann hafði fyllt að garðinum. ... Þennan dag féllu skriður víðar í Vatnsdal, t.d. í Hvammi og í Tungumúla vestanverðum, þó þær yllu ekki stórtjóni.

Heim: Guðmundur Jósafatsson. *Skriðuföll um Húnaþing, í: Freyr, 69.árg. 1973.*

sept. SÚGANDAFJÖRÐUR

Skriða.

Veður:

Atburðarás: Þetta ár í sept. mun gilið utan við Norðureyri í Súgandafirði hafa hlaupið fram og grafið sig mjög niður. Sagt er, að sjórinn hafi orðið rauður sem blóð út að Gelti, sem er nokkrum km utar (Ól. Jóns. '57 – eftir handriti Magnúsar Hj. Magnússonar).

Heim: Ól. Jóns. '57.

30. nóv. MJÓIFJÖRÐUR

Skriða.

Veður:

Atburðarás: ...Skriða féll austur í Mjóafirði fimmtudaginn 30. f.m. og skemmdi skóglendi, er hún hljóp yfir.

Heim: Vísir 13.12.

Ath: Ekki hefur tekist að afla frekari heimilda um þetta skriðufall eða veðrið þegar það varð. Miðað við reynsluna af skriðuföllum á Austfjörðum er varla við að búast að þarna hafi verið á ferðinni stakur atburður og því sennilegt að skriður hafi fallið víðar.

1912

6. maí LANDSSVEIT (Bjölfell, Selsundsfjall?), VESTMANNAEYJAR

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Atburðarás: Um kl. 18 þ. 6. maí 1912 varð einn af svonefndum Suðurlandsskjálftum, en upptök hans voru í Landssveit og á Rangárvöllum. Var hann stór eða 7 á Richterskvarða.

...Bærinn (Næfurholt) stendur fast uppi undir Bjölfelli. ...Ægilegir hamrar eru rétt fyrir ofan hann. ...Ofan úr hömrnum kom bjarg mikið og staðnæmdist á túninu rétt fyrir ofan bæinn. Það er 8–9 faðma að ummáli og um 2 mannhæðir á hæð. Ægilegt er að sjá, hvernig það hefir vaðið jörðina. ...Frá Næfurholti héldum við fram með Bjölfelli að Selsundi. Fjöldi af stórbjörgum, viðlíka og það, sem komið hafði ofan undir bæinn í Næfurholti, höfðu oltið hér og þar fram úr hlíðinni, langt fram á jafnsléttu, og skilið eftir mikla slóð. Einn af þessum bergisum hafði lent á jarðföstum jafningja sínum, ekki getað flutt hann til en mölvaði stórt stykki úr honum, og því næst haldið ferð sinni áfram góðan spöl (Ísafold 18.05.).

...Allstór gjá myndaðist í fjallinu (Selsundsfjall eða Bjölfell) skammt frá bænum í Selsundi, og bjarg mikið hrapaði þar úr fjallinu, stefndi það fyrst beint á bæinn, en staðnæmdist rétt við túngarðinn; er klettur sá sagður 3 – 4 mannhæðir á hæð og 9 fm. ummáls (Suðurland 11.05.).

...Í Vestmannaeyjum hrundi mikið af grjóti úr klettunum (Norðurland 11.05.)

Heim: Norðurland 11.05. Suðurland 11.05. Ísafold 18.05. Kjartan Ottósson 1980: Jarðskjálftar á Íslandi 1900-1929. Raunvísindastofnun Háskólans RH 80-05.

Ath: Miðað við aðstæður í nágrenni Selsunds virðist sem verið sé að hræra saman staðreyndum og í Suðurlandi 11.05. sé í raun og veru átt við bjargið sem féll á túnið á Næfurholti. Aftur á móti hefur eflaust hrunið grjót úr Selsundsfjalli og grjóthrun á

Suðurlandi verið mun útbreiddara en heimildir geta um. Slík var reynslan af Suðurlandsskjálfunum 1896 og 2000, en skjálftinn 1912 var sterkari en nokkur þeirra.

sept. SEYÐISFJÖRÐUR

Skriður.

Veður: Hver haustlægðin eftir aðra hefur greinilega gengið upp að landinu.

Atburðarás: Veðráttan hefur verið ömurleg undanfarna viku (byrjun sept.), stormar og rigningar á degi hverjum og snjór fallið á fjöll og niður í miðjar hlíðar. Skriður hafa fallið allvíða í firðinum og gjört nokkur landsspjöll. Hey hafa og víða skemmst af rigningu og vatnsgangi (Austri 07.09.).

Heim: Austri 07.09. Ól.Jóns. '57.

Ath: Ekki hefur tekist að afla nánari upplýsinga hvar í Seyðisfirði þessar skriður féllu.

1913

Engar heimildir hafa fundist um skriðuföll á þessu ári, en þess má geta að í byrjun jan. þetta ár voru svo miklar rigningar á Fljótsdalshéraði að vatnavextir urðu svo miklir sem í mestu vorleysingum. Þá hrundu á nokkrum stöðum á Héraði fjárhús og heyhlöður (torfhús) í rigningunum (Austri 18.01.). Er með ólíkindum ef einhverjar skriður hafa ekki farið af stað í fjallahlíðum í þessu votviðri.

1914

16. júní HÆLAVÍKURBJARG (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ...Hörmulegt slys varð hér á Hornströndum 16. júní sl. er steinn féll í höfðuð manni, sem var að síga í Hælavíkurbjarg. ...Engu að síður fékk maðurinn þó mál og rænu, og lifði síðan við mikil harmkvæli í tæpan mánuð og dó að kvöldi 14. júlí. Maður þessi hét Jakob Guðleifsson (Þjóðviljinn 31.08.).

Heim: Þjóðviljinn 31.08. Þórleifur Bjarnason 1943: Hornstrendingabók. Lúðvík Kristjánsson 1986: Íslenskir sjávarhættir V. Eyjólfur Jónsson 1996: Vestfirzkir slysadagar.

ág. LANGIDALUR

Skriður.

Veður: Miklar rigningar.

Atburðarás: Þá féllu í ágústmánuði margar skriður milli Gunnsteinsstaða og Auðólfsstaða. Varð fjallið gjörófært um skeið af þeirra völdum. Talsverð landsspjöll urðu og einnig grófst nokkurt magn af heyi, sem var á Gunnsteinsstaðaskriðunum í ljá og flekkjum.

Heim: Guðmundur Jósafatsson. Skriðuföll um Húnaþing, í: Freyr, 69. árg. 1973.

Ath: Ekki er ólíklegt að skriður hafi fallið víðar á Norðurlandi í þessu áhlaupi.

29. sept. SÚGANDAFJÖRÐUR (slys)

Skriða.

Veður:

Atburðarás: ... segir í dagbók sinni að 29. sept. hafi drengur, Guðmundur Torfason að nafni, níu ára gamall, til heimilis á Suðureyri, fundist mjög slasaður, alblóðugur og sundurflakandi undir Spillinum utan við Brimnes. ... að ýmsum getum hafi verið leitt að því, með hverjum hætti slys þetta hafi orðið, en telur engan vafa á því, að ofanfall úr Spillinum hafi valdið (Ól. Jóns. '57 – eftir handriti Magnúsar Hj. Magnússonar). ... og mun að öllum líkindum hafa orðið fyrir grjóthruni úr Spillinum. Hann lá í nær hálf ár á sjúkrahúsi eftir slysið og meiðslin sem hann hlaut leiddu til þess að taka varð af honum hægri handlegginn (Árbók FÍ 1999).

Heim: Ól. Jóns. '57. Árbók FÍ 1999.

1915

Engar heimildir hafa fundist um skriðuföll á þessu ári.

1916

13. júní EYJAFJÖRÐUR (Svalbarðsströnd, Vaðlaheiði)

Skriður.

Veður: Leysingar. ... Þennan dag var 20 stiga hiti. Haustið áður féll mikill snjór á Vaðlaheiðina áður en landið náði að frjósa. Þessi snjór hvarf ekki fyrr en í leysingum um vorið (Jón Bjarnason 1984).

Atburðarás: ... Á þriðjudaginn var (13.06.) féllu þrjár skriður úr Vaðlaheiði fyrir ofan bæina Garðsvík og Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd. Tvær nyrstu skriðurnar gerðu lítinn eða engan óskunda, enda náðu þær ekki niður að bæjarröð, en syðsta skriðan var feiknamikil. Upptök hennar voru hátt upp í fjallshlíð og kastaðist fram með feikna hraða og stefndi á bæinn Sveinbjarnargerði, en sneiddi þó hjá bænum. Talsverður hluti túnsins varð þó undir henni og mikið af enginu. Menn telja, að um 30 fjár hafi orðið fyrir skriðunum (Íslendingur 16.06.). ... Skriðurnar féllu alla leið niður í sjó en áttu upptök sín ofarlega í heiðinni (Vísir 20.06.). ... en syðsta skriðan var feikna mikil. Hún tók sig upp efst í fjallinu, undir svokallaðri Undirbrún. Þar situr skafl oft lengi fram eftir á vorin, og geri öra leysingu, getur orðið þarna mikið vatnsrennsli. Nokkuð uppi í fjallinu fór skriðan yfir hjalla með þykkum jarðvegi, sem hún fletti af. Hlaupið fór með feikna hraða og lenti á fjárhúshlöðu spölkorn ofan við bæinn í Sveinbjarnargerði. Skriðan braut hlöðuna, en hún og fjárhúsin, sem þar voru, veittu samt næga fyrirstöðu til þess, að hlaupið klofnaði þarna. Önnur hlaða úr torfi var nær bænum, og varð hún einnig honum til varnar. Minni álman af skriðunni fór niður norðan við bæinn, hún var nokkuð grýtt og fór ekki mjög hratt. Aðalhlaupið fór sunnan við bæinn yfir breitt svæði. Það fór geysihratt og flutti með sér stórar jarðvegstorfur, sem það reif úr hlíðinni upp af bænum. Sjónarvottar telja skriðuna varla hafa verið meira en þrjár mínútur ofan frá brún og niður á engi (Ól. Jóns. '57). ... Þennan dag var 20 stiga hiti. Haustið áður féll mikill snjór á Vaðlaheiðina áður en landið náði að frjósa. Þessi snjór hvarf ekki fyrr en í leysingum um vorið og var

heiðin öll eitt foræði. Féllu víða niður spýjur, en engin svo stórfelld sem í Sveinbjarnargerði. ...Skyndilega kvað við gnýr mikill og brá fólkið við og hljóp til norðurs, þangað sem því virtist óhætt. ...Fór skriðan niður með bænum beggja megin með ofsahraða. Féll þó mestur hluti hennar sunnan bæjarins og seildist fremsta spýjan niður fyrir veg. ...Skriðan flutti með sér ókjör af leir og stórgrýti og í þessu flutu þykkar jarðvegstorfur (Jón Bjarnason 1984).

...Fleiri skriður munu hafa fallið í Vaðlaheiði þetta sama sinn (Ól. Jóns. '57).

Heim: Íslendingur 16.06. Vísir 20.06. Ól. Jóns. '57. Steindór Steindórsson 1949: Lýsing Eyjafjarðar. Jón Bjarnason frá Garðsvík 1984: Gott fólk.

1917

23. júlí ESKIFJÖRDUR (Hólmatindur) (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ...Það vildi til á Eskifirði á mánudaginn var (23.07.), að yfirmaður kolagraftar, sem þar átti að bytja, Ögmundur Ögmundsson frá Eyrarbakka, beið bana af steini, er féll úr fjallinu fyrir ofan námuna og kom í höfuð hans (Landið 27.07.). ...Svo var það einn dag, er þeir voru að verki, að steinn losnaði úr kletti og lenti í höfuð Ögmundi sem beið bráðan bana af (Austri 28.07.). ...Í Hólmatindi utan við Ytra-Skot er surtarbrandsnáma beint upp af Eskifjarðarseli. Þar varð dauðaslys við surtarbrandsvinnslu 1917, er Ögmundur Ögmundsson kennari fórst (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 1976).

Heim: Ísafold 25.07. Landið 27.07. Austri 28.07. Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.

28. júlí LAUGARDALUR

Skriður.

Veður: Skýfall.

Atburðarás: Skýfall varð í svonefndu Snorrastaðafjalli í Laugardal sl. laugardag (28.06.) kl. 1–2. Féll þá skýflóki niður á hér um bil 20 dagsláttu svæði. Vatnsmagnið það mikið, að öll nærliggjandi gil fylltust út af öllum börmum, og eyðilagði flóðið og flutti burt allt sem fyrir varð. Fór ein skógartorfa af með öllu, að stærð 6–10 dagsláttur auk annars. Kunnugir fullyrða, að upp hafi rifist yfir 100 hestsburðir af skógi, sem flutu niður um engjar og út í Laugarvatn. Vatnsmagnið var svo mikið, að þeir sem ekki sáu, geta tæplega trúað. Heilir torfbunkar og fleira sem fyrir varð rennsli vatnsins fluttist í burtu út um allt. Gaddavírsgirðing sem var þvert fyrir, slitnaði á allt að 100 föðmum (Þjóðólfur 03.08.).

Heim: Þjóðólfur 03.08. Vísir 13.08. Mbl. 15.08. Tím. 18.08. Ól. Jóns. '57.

1918

vor HÆLAVÍKURBJARG (slys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: Maður var að síga í Hælavíkurbjarg á Ströndum í vor. Féll þá steinn í höfuð honum og braut og sprengdi höfuðskelina mjög mikið. Var maðurinn fluttur rænulítill til Ísafjarðar, en þar tókst svo að gera við sár hans að hann er nú á góðum batavegi (Mbl. 19.07.). ...stein í höfuðið er hann var að ljúka sigi á hillu niðri í bjarginu, um 60 faðma frá brún (Eyjólfur Jónsson 1996).

Heim: Mbl. 19.07. Þórleifur Bjarnason 1943: Hornstrendingabók. Eyjólfur Jónsson 1996: Vestfirzkir slysadagar. Lúðvík Kristjánsson 1986: Íslenskir sjávarhættir V.

7. maí MÁLMEY

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ... Fluttust Hermann Jónsson og Elín kona hans úr Málmei að Ysta-Mói með fjölskyldu, vinnuhjú og bústofn. „Flutningsnóttina“ hrundi geysistór klettabrík úr Málmei og skildi eftir sig mikið skarð.

Heim: Kristmundur Bjarnason 1998: Skagfirskur annáll 1847-1947.

20. júlí LÁTRABJARG (banaslys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ... Árið 1918 féll steinn í höfuð Albert Engilbertssyni frá Hænuvík, svo hann rotaðist. Var verið að draga hann upp og mun steinninn hafa losnað undan vaðnum (Eyjólfur Sveinsson 1942). ... fóru í fylgingaferð út í Bæjarbjarg í júlí 1918. ... Þegar hann var dreginn upp frá snörunni kræktist föst fuglakippan í vaðnum fyrir ofan höfuð hans. Þegar reynt var að liðka fyrir festinni féll steinn í höfuð sigara, svo að hann rotaðist. Maður var þegar sendur niður í öðrum vað, en fylgingur var látinn, þegar að var komið (Lúðvík Kristjánsson 1986). ... var við fuglaveiðar í Heiðnubrún í Látrabjargi 20. júlí 1918. ... Féll þá á hann steinn og beið hann af því bana (Eyjólfur Jónsson 1996).

Heim: Eyjólfur Sveinsson. Látrabjarg, í: Barðstrendingabók 1942. Ól. Jóns. '57. Lúðvík Kristjánsson 1986: Íslenskir sjávarhættir V. Eyjólfur Jónsson 1996: Vestfirzkir slysadagar.

Ath: Ól. Jóns. '57 segir að slysið hafi orðið þ. 25. júlí og hefur fyrir sér Sunnudagsblað Vísis 33. tbl. 1943, en ekki hefur tekist að hafa upp á þeirri heimild. Eyjólfur Jónsson (1996) hefur sínar upplýsingar úr Dánarskrá Sauðlauksdals og er það talið réttara.

HVAMMUR Í DÖLUM

Skriða.

Veður:

Atburðarás: ...Árið 1918 rann grjótskriða á þann hluta túnsins í Hvammi, sem kallað er Fjósatunga, og eyðilagði þessi grjótskriða mestallt það stykki sem tún. Grjótskriða þessi hafði upptök sín í gili því, sem kallað er Hrosshárgil (Hrosshófgil) og er í hlíðinni uppundan þeim hluta túnsins, en beygir svo til suðurs skammt fyrir ofan túnið.

Heim: Magnús Friðriksson. Hvammur í Dölum, í: Árbók hins íslenska fornleifafélags 1940.

1919

29. maí VATNSDALUR, LANGIDALUR

Skriður.

Veður: Mikil rigning og leysingar.

Atburðarás: Uppstigningardag 29. maí var húðarrigning alla nóttina í Vatnsdal og daginn lengst af. Talsvert flóð kom í ár og skriður féllu. Ekki er þess getið, hvar skriður féllu, og varla hafa verið mikil brögð af þeim. (Ól. Jóns. '57 – eftir dagbókum Björns á Kornsa).

...Þennan sama dag urðu einnig skriðuhlaup í Langadal, en þar var mikið úrfelli og leysing. Mest kvað að þeim á Strjúgsstöðum. Margar skriður féllu í Strjúgsárgilinu og stífluðu ána, sem var í foráttu. Ruddi hún þeim síðan fram sem ægilegri leir- og grjóttöldu, er bar yfir gilbarmana, flæddi yfir mikinn hluta túnsins og gereyðilagði um þriðjung þess, en gróf í mól og leir fjárhús, er stóðu þar á vellinum (Ól. Jóns. '57 – eftir dagbókum Björns á Kornsa). ...Féll Strjúgsáin enn á túnið 29. maí og eyðilagði það að 2/3 hlutum. Margar skriður féllu þá í árgilið og stífluðu ána í bili, sem var í foráttu. Ruddi hún þeim fram, þegar vatnið hafði náð þeirri hæð, að sprengja þær fram. Náði flóðhæðin furðulegri hæð í árgilinu. Flæddi hún fram túnið og féll inn í hlöðu og gegn um hana og fram í húsin og fyllti þau á garðastokka. Hlóð og að húsunum allt að veggjabrúnum (Guðmundur Jósafatsson 1973).

Heim: Ól. Jóns. '57. Guðmundur Jósafatsson. Skriðuföll um Húnaþing, í: Freyr, 69. árg. 1973.

19. júlí EYJAFJÖRÐUR (Kaupangssveitarfjall, Staðarbyggðarfjall, Möðruvallafjall)

Skriður.

Veður: Miklar rigningar

Atburðarás: ...Stórrigningar voru hér norðanlands síðastliðna viku. Ár og lækir flæddu yfir láglendi, eins og í vorleysingum. Skriður féllu víða og gerðu mikinn usla (Verkamaðurinn 24.07.). ...Sama rigningin í allan dag og aftakarigning í nótt svo allt flóir í vatni. Á Munkaþverártungum hlupu sex jarðföll og skriður (Dagbækur Júlíusar Ólafssonar í Hólshúsum, júlí 1919) ... Um miðjan sl. mánuð voru rigningar t.d. svo miklar í Eyjafirði, að aurskriða féll í Öxnafellslandi og eyddi um 100 hesta engi, en önnur féll skamt frá Munkaþverá og eyddi einhverju af kúahögum og drap nokkrar

kindur (Lögrétta 13.08.). ... (Um örnefni í Víðineslandi, sem er á milli Öxnafellskots (nú Fellshlíð) og Guðrúnarstaða segir:) ... Gamla-Jarðfall er nær merkjum að norðan, en suður við merki er Nýja-Jarðfall, líklega frá um 1920 (Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson 1957).

... (Um örnefni ofan við Ytra-Hól í Kaupangssveit segir:) ... en efst Flatamýri. Liggur hún undir Efrihöllum við fjallsræturnar (Kaupangssveitarfjall) og neðanvert við framhlaupsdyngju mikla er Jarðfall nefnist (Ornefnaskrá Öngulstaðahrepps). ... Jarðfallið er í höllunum ofan við Flötumýri. Þetta eru mýrarhöll undir fjallshlíðinni. ... Þetta gæti hafa gerst nálægt 1920. ... Miklar rigningar höfðu verið áður. Þarna hefur vatnsflaumurinn komist undir þykkann jarðveg og lyft honum upp. Vatnsflaumurinn var svo mikill, að torfurnar flutu upp og niður á mýrina. Þetta var breitt svæði, líklegir einir 80 m. Jarðfallið átti sér stað í svokallaðri Grafarrófu. ... Rófan var um 30 faðma breið, jarðfallið náði yfir hana alla og gott betur. Torfurnar sem lyftust upp voru nær metri á þykkt (Upplýsingar frá Kristni Sigmundssyni frá Arnarhóli).

Heim: Verkamaðurinn 24.07. Lögrétta 13.08. Mbl. 13.08. Dagbækur Júlíusar Ólafssonar í Hólshúsum í Hrafnagilshreppi, Héraðskjalasafnið á Akureyri, G-34-1. Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson 1957: Örnefni í Saurbæjarhreppi. Jóhannes Óli Sæmundsson (handrit): Ornefnaskrá Öngulstaðahrepps. Upplýsingar frá Kristni Sigmundssyni frá Arnarhóli, Öngulstaðahrepp.

Ath: Töluverð skriðuföll virðast hafa orðið í Eyjafirði í þetta skiftið og eru hér flokkaðar með skriður sem sagðar eru hafa fallið um 1920.

ÍSAFJARÐARDJÚP (Laugardalur)

Skriða.

Veður:

Atburðarás: Í mati á skriðuhættu ofan við bæinn Laugaból í Laugardal í Ísafjarðardjúpi segir svo: ... Talsvert margar skriður hafa fallið í hlíðinni fyrir ofan Laugaból á þessari öld ... Árið 1919 féll skriða innan við bæinn. Ekki eru til neinar frekari upplýsingar um þetta skriðufall, en greinileg ummerki sjást eftir það í hlíðinni.

Heim: Þorsteinn Sæmundsson 1998: Mat á aurskriðuhættu fyrir ofan bæinn Laugaból í Laugardal, Ísafjarðardjúpi. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VI-G98036-ÚR29.

REYÐARFJÖRÐUR (Krossanesland)

Skriður.

Veður:

Atburðarás: Um jörðina Krossanes sem er undir fjöllum milli Vöðlavíkur og Reyðarfjarðar segir: ... og 1919 féllu miklar grjótskriður milli Stekks og Haugaurðar og sundruðu jörð mjög.

Heim: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.

1920

júní BÍLDUDALUR

Skriða/vatnsflóð.

Veður:

Atburðarás: ...Ekki hefur komið annað eins hlaup úr Búðargili síðan 1920, en þá varð sambandslaust milli bæjarhlutanna nema á sjó, vegna vatnsflaums, sem streymdi gegnum mitt þorpið (Tím. 19.02.1959). ...Snemma í júní. Aðallega vatnsflóð. Féll til sjávar innanvert við Búðargilshrygg (Björn Jóhann Björnsson 1990).

Heim: Tím. 19.02.1959. Björn Jóhann Björnsson 1990: Bildudalur, skriðuföll og skriðuvarnir. Stuðull, verk- og jarðfræðiþjónusta. Þorsteinn Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Jón Gunnar Egilsson 1999: Saga ofanflóða á Bildudal 1902 til 1999. Veðurstofa Íslands, greinargerð VÍ-G99006-ÚR04.

HVAMMUR Í DÖLUM

Skriða.

Veður:

Atburðarás: ...Um 1920 rann önnur grjótskriða (hin féll 1918) á þann hluta túnsins í Hvammi, sem kallaður er Sýslan. Bæjarlækurinn, sem skiptir hlíðunum í tvær hlíðar (Bæjarkoll og Bæjarhlíð), stíflaðist að vetrarlagi fyrir ofan svonefndan Þinghól, sem er rétt við túnið (hafði það aldrei orðið fyrir, svo sögur fari af). Lækurinn ruddi aur og grjóti á allt þetta stykki, sem er fyrir ofan bæjarhúsin, og eyðilagði það sem tún. Hvorug þessi grjótskriða hefur verið hreinsuð af túninu.

Heim: Magnús Friðriksson. Hvammur í Dölum, í: Árbók hins íslenska fornleifafélags 1940.

1921

júní EYJAFJÖRDUR (Svalbarðsströnd)

Skriða.

Veður: Sennilega leysingar.

Atburðarás: ...Skriða féll nýlega á túnið á Fagrabæ á Svalbarðsströnd og eyddi 4/5 af því. Á bænum var fjögurra kúa tún, svo skaðinn er mjög tilfinnanlegur fyrir bóndann (Dagur 11.06.).

Heim: Dagur 11.06. Ól. Jóns. '57.

Ath: Skriðan hefur sennilega fallið í byrjun júní og líklega við leysingar.

ág. MJÓIFJÖRDUR

Skriður.

Veður: Hér hefur verið norðaustan stórrigning í 3 daga með hvassviðri og snjó niður í miðjar hlíðar (Vísir 04.08.).

Atburðarás: ...Illviðri mikil hafa verið að undanfögnu. Hefur hlaupið svo mikill vöxtur í læki og ár, að slíkt mega firn heita. Búðaráin hér í bænum (Seyðisfjörður)

hefur brotist úr farvegi sínum, skemmt tún, vegi og garða og gert annan slíkan usla (Austurland 06.08.). ...Í rigningunum miklu í sumar varð víða allmikið tjón. Í Skógum í Mjóafirði skemmdist mikið af túninu, er aurskriða hljóp á (Austurland 27.08.). ...En á Austurlandi voru óvenjumiklar rigningar í ágústmánuði (1921) og vatnavextir. Skriður féllu á tún og engjar og gerðu töluverðan usla (Freyr 1922).

Heim: Vísir 04.08. Austurland 06.08, 27.08. Lögrétta 13.10. Freyr 1922. Ól. Jóns. '57.

Ath: Það virðist frekar hafa verið vatnsflóð en skriða sem hljóp úr Búðaránni á Seyðisfirði, en ekki er ólíklegt að skriður hafi fallið víðar á Austfjörðum, en í Mjóafirði í þessu veðri sem líklega varð í byrjun ágúst.

1922

Engar heimildir hafa fundist um skriðuföll á þessu ári.

1923

5. júní DRANGEY (slys)

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: 5. júní sl. vildi það slys til í Drangey á Skagafirði, að steinn féll úr bjarginu úr nokkurri hæð, og kom í höfuð á manni, sem var að síga eftir eggjum í bjarginu, Maron (Sigurðssyni) frá Á í Unadal, ungum manni. Missti Maron jafnskjótt meðvitund og hékk máttlaus í sigreipinu með höfuðið niður; var hann svo bundinn í sigreipið, að hann datt ekki úr því. Þegar slys þetta vildi til var Maron ca. 50–60 faðma fyrir neðan brún (Vörður 07.07.).

Heim: Vörður 07.07. Lesbók Mbl. 29.07.1945. Heima er best 1980.

Ath: Mikil aðgerð var gerð á Maroni á Sauðárkróki, en hann var m.a. höfuðkúpbrotinn. Að nokkrum tíma liðnum varð hann jafngóður og stundaði sig í Drangey í fjölda ára eftir þetta.

júlí NJARÐVÍKURSKRIÐUR

Skriður.

Veður: Norðaustan stórrigning.

Atburðarás: ...Hlaupin sumarið 1923 áttu sér stað fyrir mitt sumar, líklega í júlí. Hann gekk þá í norðaustan stórrigningu, en veður var kyrrt og milt. Þetta voru óskapa hlaup. Hvert gil allt norðan frá Heimastagili og suður í Skriðuvík hljóp fram. Djúpir skorningar með þverhníptum börmum skárust niður í gilbotnana. ...Aurinn haugaðist upp í fjörunum í ódæma dyngjur. T.d. mátti ganga upp á klettabrúnina ofan við fjöruna norðan við krossinn. Sjórinn var marga mánuði að eyða þessum dyngjum. Einnig hljóp á milli giljanna. Segja mátti að aðeins sæist til gatna hér og þar. Um tuttugu menn voru í þrjá daga að ryðja götu og hlaða í gilin.

Heim: Ármann Halldórsson og Andrés Björnsson. Njarðvíkurskriður, í: Múlaping 6, 1971.

FLJÓTSDALUR

Skriður.

Veður:

Atburðarás: Um jörðina Glúmstaði í Norðurdal Fljótisdals segir: ... Víða hafa skriður fallið úr hlíðinni, síðast stórskriða 1923.

Heim: Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975.

1924

28.–29. jan. SÚGANDAFJÖRÐUR (Suðureyri)

Grjóthrun.

Veður: Stórviðri, svo hvasst að rokið kom af stað grjóthruni.

Atburðarás: ... Á heimajörðinni (Suðureyri) mun veðrið hafa verið öllu sterkara en í kaupúninu, þótt skammt sé á milli, eða 1–200 faðmar. Sem dæmi má geta þess að á svonefndum „Höfða” sunnanvert við túnið hafði steinn um 20–30 punda oltið úr skriðu og inn á skafl, þó nokkurn kipp (Vesturland 12.02.).

Heim: Vesturland 12.02.

Ath: Eins og hér kemur fram er það ekki einungis rigningar og leysingar sem koma að koma grjóthruni af stað.

26. mars SIGLUFJÖRÐUR (banaslys)

Skriða (af mannavöldum).

Veður:

Atburðarás: Hörmulegt slys vildi til í gryfjunum í fyrramorgun (26.03.). Hrundi stykki úr bakkanum ofan á Erlend Jóhannsson frá Helgustöðum í Fljótum og braut báða lærleggina og laskaði hann eitthvað meira. Hann var samstundis fluttur til Akureyrar eftir bráðabirgðaraðgerð hér (Siglfirðingur 28.03.). ... Voru menn að grafa uppfyllingarefni úr háum bakka, og hrundi þá úr honum stórt stykki. Einn maður varð undir skriðunni. Brotnaði hann á báðum lærum og meiddist á höfði (Alþýðublaðið 28.03.). ... sem slasaðist fyrir þrem dögum á Siglufirði, er nú látinn af meiðslunum (Vísir 31.03.).

Heim: Siglfirðingur 28.03. Alþýðublaðið 28.03. Vísir 28.03. 31.03. Lögrétta 29.03. 02.04.

Ath: Þrátt fyrir að skriðan hafi verið af mannavöldum er hún höfð með hér.

5. ág. FLJÓTSHLÍÐ

Skriða.

Veður:

Atburðarás: Þriðjudaginn 5. þ.m. hljóp allstór skriða úr Fljótshlíð niður í Þverá, skammt fyrir austan Nikulásarhús. Er giskað á, að hún sé 40 til 50 metra löng, en 10 til 15 metra breið. Svo einkennilega vildi til, að maður með tvo hesta var á ferð í hlíðinni, þar sem skriðan hljóp, og barst á henni, ásamt hestinum, fram á fljótið, en sakaði ekki. Ekki þykir fullvíst, hvað valdið hafi þessu skriðuhlaupi. Hugðu sumir, að

áin hefði grafið undan hlíðinni, en aðrir telja líklegra, að vatnsagi úr hlíðinni hafi safnast undir torfunu og leyst hana upp. Oft hafa skriðuhlaup orðið þarna áður, og mest af völdum Þverár, en þetta er eitt hið stærsta, sem sögur fara af, og hefir tekið af veginn, og mun verða að leggja hann upp á fjalli, svo að fær sé og öruggur að vetrarlagi.

Heim: Vísir 28.08.

ág. SKAGAFJÖRÐUR (Gönguskörð)

Skriða.

Veður: Miklar rigningar.

Atburðarás: ... (skrifað úr Skagafirði 20. ág.). Tíðarfarið ódæma illt. Sífelldir rosar og illviðri. ... Engjar víðast flóandi í vatni og vegir víða ófærir. Íhleypur á beinhörðum melum. Skriður hafa fallið til skaða á engi á Heiði í Gönguskörðum (Vörður 10.09.).

Heim: Vörður 10.09.

Ath: Skriðan hefur fallið einhvern tímann fyrir 20. ág. og ekki er ólíklegt að skriður hafi fallið víðar á Norðurlandi í þessari ótíð.

4. sept. KRÍSUVÍK

Skriður/grjóthrun við jarðskjálfta.

Atburðarás: Þann 4. sept. hófst jarðskjálftahrina í nágrenni Krísvíkur, en öflugasti kippurinn kom um kl. 15 þann dag. ... Steinar hröpuðu úr fjöllunum umhverfis, sem kváðu við af dunum og dynkjum svo kvikfénaður ærðist og hljóp um skelfdur í hnapp eða flúði í burtu af svæðinu, sem hann var á (Mbl. 10.09.). ... Stórar skriður höfðu víða fallið úr fjöllunum, einkanlega úr Sveifluhálsi (Vísir 12.09.).

Heim: Mbl. 10.09. 13.09. Vísir 12.09. Vörður 20.09. Kjartan Ottósson 1980: Jarðskjálftar á Íslandi 1900-1929. Raunvísindastofnun Háskólans RH 80-05.

milli 1920-1930

STIGAHLÍÐ

Skriða/berghrun?

... Það er algengt að smærri og stærri spildur losni úr fjallabrunum. Er þess ekki langt að minnst að fyrir eitthvað 20-30 árum sprakk fram stór spilda á Stigahlíð utanverðri. Var það svo mikið hrun, að þar gekk fram nýr tangi út í sjóinn, sem síðan heitir Nýjaleiti. Bátar, sem voru að veiðum alllangt þar fram undan, urðu varir við mikinn öldugang af völdum þessa hruns. Enginn veit hve stórt stykki féll þar úr fjallinu. Sást þó tilsýndar á lit bergsins fyrst á eftir, að það hafði tekið yfir allstórt svæði. Ekki er vitað að það ylli neinu tjóni, enda var það fjarri mannabyggð og allri umferð. Þó geta skepnur hafa orðið þar undir.

Heim: Heima í Bolungarvík 6, 1953.

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Arnarfjörður (Rafnseyrarhlíð)	1908 júní
Arnarneshreppur/Eyjafj.	1910 15. maí
Askja	1907
Barkárdalur/Eyjafj.	1910
Bíldudalur	1902 15. jan.
Bíldudalur	1920 júlí
Bolungarvík	1910 okt.
Breiðdalur	1907
Drangey	1907 29. maí
Drangey	1923 5. júní
Dyrhólaey	1905 29. júní
Eskifjörður (Hólmatindur)	1906 24. júní
Eskifjörður	1909
Eskifjörður (Hólmatindur)	1917 23. júlí
Fljótsdalur	1902 5.-7. des.
Fljótsdalur	1923
Fljótshlíð	1924 5. ág.
Gönguskörð/Skagafj.	1924 ág.
Hamarsfjörður	1906 13. sept.
Hornbjarg	1900 júlí
Hornbjarg	1910 vor
Hvammur í Dölum	1918
Hvammur í Dölum	1920
Hælavíkurbjarg	1914 16. júní
Hælavíkurbjarg	1918 vor
Ísafjörður	1900 20.-21. sept.
Kaupangssveitarfjall/Eyjafj.	1919 19. júlí
Krísuvík	1924 4. sept.
Landssveit	1912 6. maí
Langidalur	1914 ág.
Langidalur	1919 29. maí
Laugardalur/Árness.	1917 28. júlí
Laugardalur/Ísafjarðard.	1919
Látrabjarg	1902 sumar
Látrabjarg	1918 25. júlí
Látraströnd	1903 5. sept.
Málmey	1918 7. maí
Mjóifjörður	1911 30. nóv.
Mjóifjörður	1921 ág.
Möðruvallafjall/Eyjafj.	1919 19. júlí
Njarðvíkurskriður	1923 júlí
Reyðarfjörður (Krossanesland)	1919
Reynisfjall	1905 des.
Sauðlauksdalur	1907
Seyðisfjörður	1901 20.-21. sept.
Seyðisfjörður	1903 14. jan.
Seyðisfjörður	1905 5.-6. ág.

Seyðisfjörður	1912 sept.
Siglufjörður	1924 26. mars
Staðarbyggðarfjall/Eyjafj.	1919 19. júlí
Stigahlíð	1920-1930
Suðursveit	1901 13. jan.
Súgandafjörður	1900 20.-21. sept.
Súgandafjörður	1900 4. mars
Súgandafjörður	1902 12. júní
Súgandafjörður	1911 sept.
Súgandafjörður	1914 29. sept.
Súgandafjörður	1924 28.-29. jan.
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1916 13. júní
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1921 júní
Svartárdalur	1906
Vatnsdalur	1911 sept.
Vatnsdalur	1919 29. maí
Vestmannaeyjar	1912 6. maí
Öndarfjörður	1900 20.-21. sept.



Mynd 1: Dreifing skriðufalla á Íslandi árin 1900 - 1924.